



Ferðamálafræði 2A050

Saga og menning

Undanfari: FRA/ÞÝS 2A050, ENS3A040

Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum verður fjallað um ferðamennsku ungs fólks, menningu, sögu, landafræði og náttúru Íslands en einkum Norðurlands og hvernig megi laða innlenda og erlenda ferðamenn hingað. Fjallað er um undirstöðuþætti miðlunar á ferðakynningarefni og unnið munnlega og skriflega að verkefnum á öllum þeim tungumálum sem nemandinn lærir í skólanum eða hefur önnur tök á. Auk kynningarefnis sem nemandur gera munu þeir spreyta sig við leiðsögn á heimaslóðum.

Lokamarkmið áfangans:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- menningu og sögu þjóðarinnar og hvað af því getur laðað að erlenda ferðamenn, til dæmis sögustaðir
- landafræði og náttúru landshlutans og helstu náttúruvættum
- aðferðum, tækjum og tólum til að búa til einfalt og árangursríkt kynningarefni
- mikilvægi staðgóðrar tungumálakunnáttu, jafnt íslensku sem erlendra mála, og færni til að beita málum við munnlega og skriflega kynningu
- undirstöðuatriðum í framsögn, framkomu og upplestri ritaðs máls og frágangi mynda og texta í bæklingum og kynningarefni
- gildi þess að skrifa margvíslega texta, meðal annars útdrátt og endursögn á ólíkum tungumálum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- flytja mál sitt frammi fyrir áheyrendum á þeim tungumálum sem notuð eru við hvert verkefni
- greina skilmerkilega frá því sem fyrir augu ber í kynnisferðum, einnig á mismunandi tungumálum
- útbúa kynningarefni með myndum og texta
- beita mismunandi aðferðum eftir ólíkum hópum viðtakenda

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- segja með nákvæmni en áreynslulaust frá því helsta sem hrífa má ferðafólk
- afla sér gagna á vefjum og bókum til að bæta kynningar sínar og kynningarefni
- útbúa fjölbreytt ferðagögn



Námstilhögun:

Ekki er notuð sérstök námsbók en námsefni dregið saman eftir því sem tilefni gefst hverju sinni. Einnig koma gestafyrirlesarar og farnar verða stuttar námsferðir. Námið er að mestu leyti verkefnabundið og því misjafnt efni sem hver nemandi eða nemendahópur þarf að styðjast við.

Til að standa straum af kostnaði vegna ferða o.þ.h. er innheimt gjald í upphafi annar.

Nokkuð jöfnum höndum skiptast á einstaklingsverkefni og para- eða hópverkefni. Í hópverkefnum er lögð áhersla á sameiginlega ábyrgð hópsins og samstarf. Í hverri viku eru sex kennslustundir og einnig er ætlast til nokkurrar heimavinnu. Oft og einatt munu fleiri en eitt verkefni liggja fyrir þannig að ekki er víst að allir nemendur séu ætíð samferða í vinnunni.

Nemandi sem þarf að fara af vettvangi vegna vinnu sem tengist áfanganum skal hafa samráð við kennara um það. Komi til ferðakostnaður skal það rætt við kennara áður en efnt er til kostnaðarins.

Í lok hverrar viku skal hver nemandi skila vinnuskýrslu um starf vikunnar og gengi sitt við verkefni o.s.frv. Slíka skýrslu skal einnig gera þótt nemandi hafi verið fjarverandi og skal nemandi þá skýra fjarvistina og hvernig fjarvera verður unnin upp.

Námsmat:

Námsmat byggist á símati, ekki er lokapróf í áfanganum. Hvert verkefni gildir ákveðinn hluta einkunnar. Kennaramat er byggt á vikulegum vinnuskýrslum og sýnilegri virkni og framlagi nemandans. Jafningja- og sjálfsmat nemenda gildir að nokkru til lokaekunnar.

10%	Svipmynd af Akureyri á íslensku og þýsku/frönsku (pör)
20%	„Besti bæklingurinn“ á ensku (hópverkefni)
20%	Innbærinn á þýsku/frönsku (pör)
10%	Leiðsögn á ensku (einstaklingsverkefni)
15%	FERlegt. Tvær greinar (einstaklingsverkefni)
10%	Vinnuskýrslur nemenda
7,5%	Símat á vinnu nemenda á önninni
7,5%	Jafningjamat og sjálfsmat

(Réttur til breytinga á þessu er áskilinn ef aðstæður krefjast)

Kennarar:

Nokkrir kennarar koma að þessum áfanga en ekki er víst að öllum stundum sé kennari viðlátinn í stofu. Jafnan verður þó með skömmum fyrirvara hægt að leita til einhvers þeirra. Hafið samband við kennara t.d. með tölvupósti eða sms ef ykkur vantar aðstoð og enginn kennari er á staðnum.

Anna Eyfjörð Eiríksdóttir	868 1808	anna@ma.is
Hrefna G. Torfadóttir	861 4821	hrefna@ma.is
Jónas Helgason	864 2960	jonas@ma.is
Margrét K. Jónsdóttir	848 9101	magga@ma.is
Valdimar Gunnarsson	868 8282	valdimar@ma.is